

Á Borðeyri

Gefið af Ragnar Jónasson
miðvikudagur, 28 júlí 2010

Þegar við áttum leið um Borðeyri sáum við þrjár gamlar vélar sem allar gætu hafa tengst SÍS og kaupfélögunum.

Fyrst var það Gamall International en því miður er orðið erfitt að lesa spjaldið við vélina þar sem saga hennar er rakin. Það þyrfti betri vegar því vél án sögu er bara hálf vél.

Meira á næstu síðu.

Vélin var í eigu Búnaðar- eða Ræktunarsambandsins á svæðinu og var í notkun fram til 1947.

Næst varð fyrir augum okkar Gráni gamli inni á lóð og við laumuðust þangað og tókum nokkrar myndir.

Þessi vél er greinilega 1953 árgærðin af Ferguson TEA-20 en því miður þekkjum ekkert til sögu hennar. Kannski getur einhver Borðeyringur frætt okkur um hana.

Að síðustu er svo MF 35 með fjögurra sýlindra Standardvél.

Ef þið ágætu félagar hafið verið á ferðalagi um landið eða eruð á ferðalagi með myndavél og hafið tekið svona eina og eina af góðum myndum, væli megið þið alveg senda okkur efni.